

12. desember 2013

***Alþingi***  
***Erindi nr. P 143/664***  
***komudagur 12.12.2013***

Heil og sæl,

Ég geri alvarlegar athugasemdir við að nýju náttúrverndarlögin eigi að afturkalla eða fella úr gildi.

Réttarfarslegar bætur er að finna í lögum um náttúruvernd nr. 60 frá 2013. Þessar bætur felast annars vegar í almennum ákvæðum um meginreglur umhverfisréttar sem og í afmarkaðri ákvæðum.

Ég geri því mjög alvarlegar athugasemdir við það að lögin verði felld úr gildi. Sú gjörð myndi fela í sér almenna réttarfarslega afturför auk þess sem staða íslenskrar náttúru og náttúruverndar verður mun veikari og almannaréttur ekki tryggður sem skyldi, en okkur ber skylda til að tryggja almannarétt allra um óræktað land.

Lögin nr. 60/2013 voru mjög vel undirbyggð með hvítbók ráðuneytisins og þótt ýmislegt í lögnum sé umdeilt, þá er grundvöllur þeirra fræðilega frekar góður.

Kær Kveðja - Best Regards  
Ingibjörg Gudjónsdóttir